



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

591. stjórnarfundur 25. október 2022 kl. 18:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Björg Hafsteinsdóttir. Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Bókun bæjarráðs Reykjanesbæjar vegna fyrirspurnar körfunnar um fjárhagsaðstoð. Fréttabréf UMFÍ. Lýðheilsuþing framundan, hvatningarverðlaun o.fl.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Bréf og form/excelskjál vegna þjálfarastyrks. Erindið sent á allar deildir og þær beðnar um að fylla skjalið út og senda á íþróttastjóra.

4. Jólblaðið

Auglýsingaöflun gengur vel. Búið er að hafa samband við Thelmu Hrund Hermannsdóttur sem kemur til með að taka viðtalið, einnig búið er að hafa samband við viðmælandann. Síðasti skiladagur á greinum er 15. nóvember. Fyrirhugað er að blaðið komi út ekki seinna en 10. desember.

5. Þjálfaradagurinn

Þjálfaradagurinn var haldinn 13. október og heppnaðist hann mjög vel. Fyrirlestrar og súpa fyrir alla þjálfara frá öllum deildum.

6. Fyrirmyndarfélag/deild

Allar deildir félagsins ásamt félaginu í heild sinni hafa skilað inn handbók Fyrirmyndarfélag / deild ÍSÍ 2022 - 2026, nema rafíþróttadeildin. Ákveðið er að athuga með afhendingu á viðurkenningum frá ÍSÍ fyrir körfuboltaleikinn Keflavík – Haukar kk. fimmtudaginn 3. nóvember kl. 20:10. Fá fulltrúa frá öllum deildum til að mæta.

7. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ fór fram á Höfn í Hornafirði 15. október. Einar Haraldsson var fulltrúi félagsins.

8. Önnur mál

A. Mál þjálfara fimleikadeildar.

B. Tölvupóstur frá formanni sunddeildar Keflavíkur. Verið er að skoða innan sunddeilda Keflavíkur og Njarðvíkur um að sameinast í eitt sundfélag.

- C. Reglur um fjáraflanir. Framkvæmdastjóra falið að senda reglur um fjáraflanir á deildir og senda tengil á heimasíðu Keflavíkur. Einnig að vekja athygli á dagatali og að flokkar þurfi að senda beiðni fyrir fjáröflunum til íþróttastjóra.
- D. Fulltrúar í nefnd vegna framtíðarsýnar íþróttafélaganna um íþróttamannvirki. Birgir Már er fulltrúi aðalstjórnar.
- E. Fulltrúar í nefnd varðandi endurskoðun á rekstrarsamningum við íþróttafélögin. Garðar verður fulltrúi aðalstjórnar.
- F. Leyfi íþróttastjóra.
- G. Umræða um að félagið fái vínveitingaleyfi. Framkvæmdastjóra falið að athuga með ferlið og skoða hvað það kostar.
- H. Kynningakvöld hjá körfunni og það sem var selt þar. Framkvæmdastjóra falið að ræða við stjórn körfunnar.
- I. Umræða um fjármálastjóra. Funda þarf sérstaklega um þetta.
- J. Búningamál. Ræða þarf við deildir og athuga hvort það sé hægt að samræma búninga yngri flokka.
- K. Umræða um uppsagnir á þjálfurum og faglega nálgun.
- L. Lyftingasalur. Tilboð í gólfið (efniskostnaður) er tæp milljón. Nú þarf að fá tilboð frá smiðum í verkið og ræða við Reykjanesbæ um breytingar á salnum og rekstur. Birgir athugar með tilboð í verkið og framkvæmdastjóri hefur samband við Reykjanesbæ.
- M. Íþrótt- og tómsundaráð hefur gert samning við rafíþróttadeild varðandi leigu á hringbraut 108. Reykjanesbær borgar rafmagn og hita.
- N. MSS leigir sal 3 næstu 3 vikurnar.

Fundi slitið kl. 20:00

Næsti fundur verður þriðjudaginn 8. nóvember 2022

Fundinn ritaði Eva Björk